



**Count on it.**

**Notendahandbók**

**8 og 11 blaða radial eða 11 blaða  
framhallandi EdgeSeries™ DPA  
sláttubúnaður með 5" kefli  
Reelmaster® 5010 línu drifvél**

Tegundarnúmer 03621—Raðnúmer 405370001 og upp úr

Tegundarnúmer 03623—Raðnúmer 405370001 og upp úr

Tegundarnúmer 03624—Raðnúmer 400000000 og upp úr





# Efnisyfirlit

Öryggi .....	3
Almennt öryggi .....	3
Öryggi sláttubúnaðar .....	4
Öryggi hnífa .....	4
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar .....	4
Uppsetning .....	5
1 Uppsetning smurnippils á kefli .....	5
2 Sláttubúnaður stilltur .....	6
3 Uppsetning keflamótora .....	6
Yfirlit yfir vöru .....	7
Tæknilysing .....	7
Tengitæki/aukabúnaður .....	7
Notkun .....	7
Sláttubúnaður stilltur .....	7
Stilling sláttuhæðar .....	11
Töflur til að velja sláttuhæð og botnblað .....	12
Hugtök í sláttuhæðartöflu .....	14
Viðhald .....	15
Stuðningur við sláttubúnaðinn .....	15
Smurning sláttubúnaðar .....	15
Forskriftir botnblaðs .....	15
Tæknilysing keflis .....	20
Viðhald HD Dual Point stillibúnaðar (DPA) .....	21
Viðhald rúllu .....	22

# Öryggi

## Almennt öryggi

Þessi vara getur valdið aflimum handa og fóta. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið vandlega og gætið þess að skilja efni þessara *notandahandbókar* áður en vélin er tekin í notkun.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða til meiðsla eða eignatjóns.
- Ekki setja hendur eða fætur nærri íhlutum á hreyfingu.
- Ekki nota sláttuvélina án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á sláttuvélinni og í nothæfu ástandi.
- Haldið öruggrri fjarlægð frá öllum losunaropum.
- Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins. Aldrei skal leyfa börnum að vinna á sláttuvélinni.
- Áður en stjórnandinn fer úr sæti sínu skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
  - Lækkið sláttubúnaðinn.
  - Aftengið drif.
  - Setjið stöðuhemilinn á (ef vél er útbúin slíku).
  - Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.

Röng notkun eða viðhald þessarar vélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slyshættu skal alltaf fylgja þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ▲, sem merkir „Aðgát“, „Viðvörðun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hættu á meiðslum á fólki eða dauða.

## Öryggi sláttubúnaðar

- Skurðbúnaður er eingöngu heildstæð eining eftir að hann hefur verið festur við samhæfa sláttuvél. Lesið *notendahandbók* sláttuvélarinnar vandlega. Í henni er að finna ítarlegar upplýsingar um örugga notkun sláttuvélarinnar.
- Stöðvið vélina, takið lykilinn úr svissinum (ef hann er til staðar) og bíðið þar til öll hreyfing stöðvast áður en tengibúnaðurinn er skoðaður eftir að hafa rekist á hlut eða ef það er óeðlilegur titringur í vélinni. Sinnið öllum nauðsynlegum viðgerðum áður en vinnu er haldið áfram.
- Haldið öllum hlutum í góðu ásikkomulagi og tryggjið að vélbúnaður sé vel hertur. Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar.
- Notið eingöngu aukabúnað, tengibúnað og varahluti sem Toro samþykkir.

## Öryggi hnífa


Slitinn eða skemmdur hnifur getur brotnað og hluti úr hnífnum skotist í stjórnandann eða nærstadda og valdið alvarlegum meiðslum eða dauða.

- Leitið reglulega eftir sliti eða skemmdum á hnífnum.
- Sýnið aðgát við skoðun hnífanna. Vefjið hlífðarefni um hnífana eða klæðist hönskum og sýnið aðgát þegar unnið er við hnífana. Skiptið eingöngu um hnífa eða brýnið þá; reynið aldrei að rétta þá eða sjóða í þá.
- Þegar sláttuvél er með fleiri en einn hníf þarf að gæta að því að snúningur eins hnífs getur sett fleiri hnífa af stað.

## Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



137-9706

1. Skurðarhætta fyrir hendur og fætur – drepið á vélinni, takið lykilinn úr eða takið kertið úr sambandi og bíðið þar til allir hlutar á hreyfingu hafa stöðvast. Lesið *notendahandbókina* áður en viðhaldi er sinnt.

# Uppsetning

## Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
<b>1</b>	Beinn smurnippill	1	Setjið smurnippil á keflið.
<b>2</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stilla sláttubúnað
<b>3</b>	O-hringur Boltar (geta verið forsamsettir)	1 2	Setjið upp keflamótora.

## Margmiðlun og aukahlutir

Lýsing	Magn	Notkun
Notandahandbók Varahlutalisti (ekki innifalinn) — sjá meðfylgjandi póstkort til að fá upplýsingar um hvernig nálgast má varahlutalistann	1 –	Farið yfir efnið og geymið það á viðeigandi stað.

**Ath.:** Ákvarðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

# 1


## Uppsetning smurnippils á kefli

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Beinn smurnippill
---	-------------------

## Verklag

Setjið smurnippilinn á hlið keflismótors á sláttubúnaði. Sjá [Mynd 3](#) til að ákvarða staðsetningu keflismótora út frá staðsetningu sláttubúnaðar á vinnuvélinni.




G031275  
g031275

Mynd 3

1. Sláttubúnaður 1
2. Sláttubúnaður 2
3. Sláttubúnaður 3
4. Sláttubúnaður 4
5. Sláttubúnaður 5
6. Keflamótor
7. Mótvægi eða annar aukabúnaður (seldur sér)

1. Fjarlægjið og fargið stilliskrúfunni á hliðarplötu keflamótors ([Mynd 4](#)).



Mynd 4

- |                 |                |
|-----------------|----------------|
| 1. Bolti (2)    | 3. Smurnippill |
| 2. Stilliskrúfa | 4. Smurventill |

- Setjið beinan smurnippil í ([Mynd 4](#)).

**Ath.:** Smurnippillinn er ætlaður til smurningar á raufum keflamótors.

## 2

### Sláttubúnaður stilltur

Engir hlutar nauðsynlegir

#### Verklag

- Stillið botnblaðið af við keflið.
- Stillið aftari rúllu samkvæmt kröfum um sláttuhæð.
- Stillið sláttuhæð.
- Stillið aftari hlíf ef þörf krefur.
- Þegar allir sláttubúnaðar eru uppsettir á vinnuvélinni og tilbúnir til notkunar skal stilla fjaðrir fyrir yfirborðsjöfnun.

Heildstæðar leiðbeiningar fyrir þessar stillingar er að finna í [Notkun \(síða 7\)](#).

## 3

### Uppsetning keflamótora


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	O-hringur
2	Boltar (geta verið forsamsettir)

#### Verklag

**Mikilvægt:** Áður en keflamótorar eru settir upp skal afla og setja upp mótvægi eða annan aukabúnað á gagnstæða hlið sláttubúnaðar miðað við keflamótora, eins og lýst er í leiðbeiningum sem fylgja mótvæginu eða aukabúnaðinum.

- Setjið sláttubúnaðinn á drifvélinu; sjá *notendahandbók* drifvélar fyrir leiðbeiningar.
- Ef engir boltar eru á hliðarplötu keflismótors skal setja þá upp ([Mynd 4](#)).
- Setjið O-hring á keflamótorinn ([Mynd 5](#)).



Mynd 5

- O-hringur
- 
- Setjið keflamótorinn upp og festið hann með boltum.
  - Smyrjið hliðarplötuna þar til umframfita kemur út um smurventil ([Mynd 4](#)).

# Yfirlit yfir vöru

## Tæknilysing

Tegundarnúmer	Þyngd
03621	51 kg
03623	52 kg
03624	52 kg

## Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir vinnuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á [www.Toro.com](http://www.Toro.com) þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun vinnuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

# Notkun


Nákvæmar notkunarleiðbeiningar er að finna í *notendahandbók* sláttuvélarinnar. Stílið botnblaðið daglega áður en sláttubúnaðurinn er notaður; sjá [Botnblaðið stíllt af við keflið \(síða 8\)](#). Sláði líftinn blett áður en sláttubúnaðurinn er notaður til að tryggja að sláttugæði séu viðeigandi.

## Sláttubúnaður stílltur

### Stilling aftari hlífar

Við flestar aðstæður næst besta dreifing grass þegar aftari hlífin er lokuð (framlosun). Þegar aðstæður eru erfiðar eða blautar má opna aftari hlífina.

Til að opna aftari hlífina ([Mynd 6](#)) skal losa boltann sem festir hlífina við vinstri hliðarplötu, snúa hlífinni í opna stöðu og herða boltann aftur.



Mynd 6

1. Bolti

2. Aftari hlíf

## Snerting botnblaðs og keflis stíllt


### Dagleg stilling botnblaðs

Tvíhnappakerfi til stillingar á snertingu botnblaðs og keflis, sem er innbyggt í þennan sláttubúnað, einfaldar stillingarferlið sem þarf til að ná hámarks sláttugæðum. Nákvæm stilling sem fæst með tvíhnappa-/botnblaðsbíta hönnuninni veitir nauðsynlega stjórn til að tryggja stöðuga sjálfsskerpingu, sem heldur skurðbrúnum beittum, tryggir góðan slátt og dregur verulega úr þörf fyrir reglulega bakslípun.

Áður en slegið er á hverjum degi, eða eftir þörfum, skal athuga hvern sláttubúnað til að staðfesta rétta snertingu milli botnblaðs og keflis. **Framkvæmið þessa aðgerð jafnvel þótt sláttugæði virðist fullnægjandi.**

1. Lækkið sláttubúnaðinn niður á hart undirlag, slökkvið á vélinni og takið svisslykilinn úr.
2. Snúið keflinu hægt í öfuga átt og hlustið eftir snertingu keflis og botnblaðs.
  - Ef ekki verður vart við snertingu skal stilla botnblaðið eins og hér segir:
    - A. Snúið stilliskrúfum botnstangar réttisælis ([Mynd 7](#)), einn smell í einu, þar til þið finnið og heyrið léttu snertingu.


**Ath.:** Stilliskrúfur botnblaðsbíta hafa stöðupunkta sem samsvara 0,018 mm hreyfingu botnblaðs fyrir hverja stöðu. Sjá [Botnblaðið stillt af við keflið \(síða 8\)](#).



Mynd 7

1. Stilliskrúfa botnstangar

- B. Setjið langa ræmu af prófunarpappír fyrir sláttugæði (Toro hlutanúmer 125-5610) milli keflis og botnblaðs, hornrétt á botnblaðið ([Mynd 8](#)) og snúið síðan keflinu **hægt** áfram; það á að skera pappírinn. Ef það gerist ekki, endurtakið skref A og B þar til það tekst.



Mynd 8


- Ef of mikil snerting eða viðnám í kefli kemur fram skal annað hvort framkvæma bakslípun, vinna frambrún botnblaðsins eða slípa botnblaðið og/eða keflið til að ná beittum skurðbrúnum sem þarf fyrir nákvæman slátt;

sjá *Toro handbókina Sharpening Reel and Rotary Mowers*, eyðublað nr. 09168SL.

**Mikilvægt:** Létt snerting þarf alltaf að vera til staðar. Ef léttri snertingu er ekki viðhaldið munu brúnir botnblaðs og keflis ekki sjálfsskerpast nægilega og verða bitlausar eftir nokkra notkun. Ef snerting er of mikil slitna botnblað/kefli of hratt, slit getur orðið ójafnt og sláttugæði kunna að minnka.

**Ath.:** Eftir langa notkun myndast brún á báðum endum botnblaðsins. Sverfið þessar brúnir niður að skurðarbrún botnblaðsins til að tryggja hnökralausa notkun.

**Ath.:** Með tímanum þarf að slípa skábrúnina ([Mynd 9](#)), þar sem hún er aðeins hönnuð til að endast um 40 % af líftíma botnblaðsins.



Mynd 9


1. Aðleiðsluskábrún á hægri enda botnblaðs
2. 6 mm
3. 1,5 mm

**Ath.:** Ekki gera aðleiðsluskábrúnina of stóra þar sem það getur valdið toppmyndun í grasinu.

### Botnblaðið stillt af við keflið

Notið þessa aðferð við fyrstu uppsetningu sláttubúnaðarins og eftir að keflið er slípað, bakslípað eða tekið í sundur. Þetta er ekki stilling sem sinna þarf daglega.

- Eftir bakslípun sláttubúnaðar eða slípun á botnblaði og/eða kefli gæti þurft að slá með sláttubúnaðinum í nokkrar mínútur og síðan framkvæma þessa aðferð til að stilla botnblaðið við keflið, þar sem kefli og botnblað aðlagast hvort öðru.
- Frekari stillingar gætu verið nauðsynlegar ef grasið er mjög þétt eða sláttuhæð mjög lág.
  1. Komið sláttubúnaðinum fyrir á sléttu undirlagi.
  2. Snúið stilliskrúfum botnstangar rangsælis til að tryggja að botnstöng snerti ekki keflið ([Mynd 10](#)).




Mynd 10

1. Stilliskrúfa botnstangar

3. Veltið sláttubúnaðinum við til að komast að botnblaðinu og keflinu.

**Mikilvægt:** Gangið úr skugga um að rærnar á aftari enda stilliskrúfa botnstangar liggi ekki á vinnufirborðinu; notið stuðningsfót (Mynd 11).



Mynd 11

1. Stuðningsfótur

4. Snúið keflinu þannig að eitt blaðanna liggur yfir botnblaðið um það bil 25 mm frá enda botnblaðsins hægra megin á sláttubúnaðinum.

**Ath.:** Merkið þetta blað til að auðvelda seinni stillingar.

5. Merkið staðinn á blaðinu sem liggur yfir brún botnblaðsins.

**Ath.:** Þetta gerir síðari stillingar auðveldari.

6. Setjið 0,05 mm stilliplötu (hlutanr. 140-5531) á milli merkts keflisblaðs og botnblaðs þar sem blaðið liggur yfir botnblaðið.

7. Snúið hægri stillingu botnstangar réttisælis þar til þið finnið **léttan** þrýsting á stilliplötunni, losið síðan stillinguna um 2 smelli og fjarlægið stilliplötuna.

**Ath.:** Stilling á annarri hlið sláttubúnaðar hefur áhrif á hina; þessir 2 smellir veita nauðsynlegt bil þegar hin hliðin er stillt.

**Ath.:** Ef byrjað er með mikið bil skal fyrst minnka það með því að herða til skiptis hægri og vinstri hlið.

8. Snúið keflinu **hægt** þannig að sama blað og var athugað hægra megin liggja yfir botnblaðið um það bil 25 mm frá enda botnblaðsins vinstra megin á sláttubúnaðinum.
9. Snúið vinstri stillingu botnstangar réttisælis þar til hægt er að renna stilliplötunni í gegnum bilið milli keflis og botnblaðs með léttu viðnámi.
10. Farið aftur yfir á hægri hlið og stillið eftir þörfum þar til létt viðnám finnst á stilliplötunni milli sama blaðs og botnblaðs.
11. Endurtakið skref 9 og 10 þar til hægt er að renna stilliplötunni í gegnum bæði bil með léttu viðnámi, en 1 smellur inn á báðum hliðum kemur í veg fyrir að stilliplatan fari í gegn á báðum hliðum.

**Ath.:** Botnblaðið er nú samsíða keflinu.

12. Frá þessari stöðu (þ.e. 1 smellur inn og stilliplatan fer ekki í gegn) skal snúa stillingum botnstangar réttisælis um 1 smell á hvorri hlið.


**Ath.:** Hver smellur færir botnblaðið um 0,018 mm. **Ekki herða stilliskrúfurnar of mikið.**

13. Setjið langan þar til gerðan pappírsborða (Toro varahlutanr. 125-5610) á milli keflisins og botnblaðsins, hornrétt á botnblaðið (Mynd 8) og snúið keflinu því næst **rólega** áfram. Pappírinn á að klippast í sundur. Ef sú er ekki raunin þarf að snúa stilliboltum botnstangarinnar um einn smell réttisælis og endurtaka þetta skref þar til pappírinn klippist.

**Ath.:** Ef of mikil snerting eða viðnám í kefli kemur fram skal annað hvort framkvæma bakslípun, vinna frambrún botnblaðsins eða slípa botnblaðið og/eða keflið til að ná beittum skurðbrúnum sem þarf fyrir nákvæman slátt; sjá *Toro handbókina Sharpening Reel and Rotary Mowers*, eyðublað nr. 09168SL.

## Stilling aftari rúllu

1. Stillið festingar aftari rúllu (Mynd 12) á æskilegt svið sláttuhæðar með því að setja viðeigandi fjölda millistykkja undir festiflans hliðarplötu (Mynd 12) samkvæmt **Töflur til að velja sláttuhæð og botnblað (síða 12)**



G003324


g003324

Mynd 12

- |                 |                           |
|-----------------|---------------------------|
| 1. Stöðuhólkur  | 3. Festikragi hliðarplötu |
| 2. Rúllufesting |                           |

- Lyftið afturhluta sláttubúnaðarins og setjið stuðning undir botnblaðið.
- Fjarlægjið 2 rær sem festa hverja rúllufestingu og millistykki við festiflans hliðarplötu.
- Lækkið rúlluna og boltana niður úr festiflönsum hliðarplötu og stöðuhólkum.
- Setjið stöðuhólkana á boltana á rúllufestingunum.
- Festið rúllufestinguna og stöðuhólkana við neðri hluta festiflansa hliðarplötu með rónum sem voru fjarlægðar áður.
- Staðfestið að snerting botnblaðs og keflis sé rétt. Hallið sláttubúnaðinum til að sjá fremri og aftari rúllur og botnblað.

**Ath.:** Staða aftari rúllu gagnvart kefli ræðst af vinnslunákvæmni samsettra íhluta og því er ekki þörf á samsíða stillingu. Takmörkuð stilling er möguleg með því að setja sláttubúnaðinn á mælipressu og losa bolta festiflansa hliðarplötu (Mynd 13). Stillið og herðið boltana. Herðið boltana með togkrafti 37 til 45 N·m.



g011862

g011862

Mynd 13


- Festiboltar hliðarplötu

## Stilling á yfirborðsjöfnun

Yfirborðsjöfnunarfjöldin flytur þyngd frá fremri rúllu yfir á aftari rúllu. Þetta hjálpar til við að draga úr bylgjumynstri í grasinu, einnig þekkt sem bylgjun eða rykkjun.

**Mikilvægt:** Stillið fjöðrina aðeins þegar sláttubúnaðurinn er festur á drifvélina, vísar beint fram og er lækkaður niður á verkstæðisgólf.

- Gangið úr skugga um að splitti sé sett í aftari gat á gormstönginni (Mynd 14).



g027263

g027263

Mynd 14

- |              |                             |
|--------------|-----------------------------|
| 1. Splitti   | 3. Yfirborðsjöfnunarfjöldur |
| 2. Gormstöng | 4. Sexkantsrær              |

- Herðið sexkantsrærnar á fremri enda gormstangar þar til þjappað lengd fjaðrarinnar er 12,7 cm; sjá Mynd 14.


**Ath.:** Við notkun á ójöfnu undirlagi skal minnka lengd fjaðrarinnar um 1,3 cm. Eftirfylgni við yfirborð minnkar þá lítillega.

**Ath.:** Endurstilling á yfirborðsjöfnun er nauðsynleg ef sláttuhæð eða skurðárás breytist.

# Stilling sláttuhæðar

**Ath.:** Fyrir sláttuhæð sem er meiri en 2,54 cm skal setja upp háan sláttuhæðarbúnað.

1. Losið lásrær sem festa sláttuhæðarfestingar við hliðarplötur sláttubúnaðar ([Mynd 15](#)).




Mynd 15

1. Stillibolti
2. Lásró
3. Sláttuhæðarfesting

2. Losið rónna á hæðarstöng ([Mynd 16](#)) og stillið stilliboltann á æskilega sláttuhæð.

**Ath.:** Fjarlægðin milli neðri hluta boltahaus og yfirborðs stangarinnar er sláttuhæðin.




Mynd 16

1. Hæðarstöng
2. Hæðarstilliskrúfa
3. Ró
4. Göt notuð til að stilla dýpt greiðu (HOG)
5. Gat ekki notað

3. Krækið boltahausnum í skurðbrún botnblaðsins og látið aftari enda stangarinnar hvíla á aftari rúllunni ([Mynd 17](#)).

4. Snúið stilliboltanum þar til fremri rúllan snertir mælistöngina ([Mynd 17](#)). Stillið báða enda rúllunnar þar til hún er samsíða botnblaðinu.



Mynd 17

g027266

**Mikilvægt:** Í réttri stillingu snerta aftari og fremri rúllan hæðarstöngina og boltinn liggur þétt að botnblaðinu. Þetta tryggir sömu sláttuhæð á báðum endum botnblaðsins.

5. Herðið rærnar til að festa stillinguna.

**Ath.:** Ekki herða rærnar of mikið. Herðið þær aðeins það mikið að taka burt lausagang í skinnunum.

# Töflur til að velja sláttuhæð og botnblað

Sláttuhæðartafla				
Sláttuhæð	Skurðárás	Fjöldi stöðuhólka að aftan	Fjöldi keðjutengla	Með greiðubúnaði**
0,64 cm	Minni	0	3+	J
	Venjuleg	0	3+	J
	Meiri	1	3	-
0,95 cm	Minni	0	4	J
	Venjuleg	1	3	J
	Meiri	2	3	-
1,27 cm	Minni	0	4	J
	Venjuleg	1	3+	J
	Meiri	2	3	J
1,56 cm	Minni	1	4	J
	Venjuleg	2	3	J
	Meiri	3	3	-
1,91 cm	Minni	2	3+	J
	Venjuleg	3	3	J
	Meiri	4	3	-
2,22 cm	Minni	2	4	J
	Venjuleg	3	3	J
	Meiri	4	3	-
2,54 cm	Minni	3	3+	J
	Venjuleg	4	3	J
	Meiri	5	3	-
2,86 cm*	Minni	4	4	-
	Venjuleg	5	3	-
	Meiri	6	3	-
3,18 cm*	Minni	4	4	-
	Venjuleg	5	3	-
	Meiri	6	3	-
3,49 cm*	Minni	4	4	-
	Venjuleg	5	3	-
	Meiri	6	3	-
3,81 cm*	Minni	5	3+	-
	Venjuleg	6	3	-
	Meiri	7	3	-

+ U-festing á lyftiarmi er í neðsta gati ([Mynd 20](#)).


\* Nota þarf háa sláttuhæðarbúnað (hlutanr. 137-0890). Fremri sláttuhæðarfesting skal vera í efsta gati hliðarplötu.

\*\* Y gefur til kynna að hægt sé að nota þessa samsetningu sláttuhæðar og stöðuhólka með greiðubúnaði.

Notið eftirfarandi töflu til ákvarða hvaða botnblað hentar fyrir þá sláttuhæð sem leitast er eftir.

<b>Tafla til að velja botnblað/sláttuhæð</b>			
<b>Botnblað</b>	<b>Hlutanr.</b>	<b>Hæð botnblaðskants</b>	<b>Sláttuhæð</b>
Mót (valkvætt)	147-1257	4,3 mm	3,8 til 9,5 mm
Lág sláttuhæð (gerð 03624)	147-1244	5,6 mm	6,4 til 12,7 mm
EdgeMax® Lág sláttuhæð (gerð 03623)	137-6093	5,6 mm	6,4 til 12,7 mm
Framlengd lág sláttuhæð (valkvætt)	147-1243	5,6 mm	6,4 til 12,7 mm
Framlengd EdgeMax® lág sláttuhæð (valkvætt)	119-4280	5,6 mm	6,4 til 12,7 mm
EdgeMax® (gerð 03621)	137-6094	6,9 mm	9,5 til 38,1 mm *
Venjuleg (valkvætt)	147-1245	6,9 mm	9,5 til 38,1 mm *
Þungavinna (valkvætt)	147-1246	9,3 mm	12,7 til 38,1 mm

\*Gras af heitloftslagstegundum getur krafist botnblaðs fyrir lága sláttuhæð við 12,7 mm sláttuhæð og lægra.



G006510

g006510

**Mynd 18**

1. Hæð botnblaðskants

# Hugtök í sláttuhæðartöflu

## Stilling sláttuhæðar (HOC)

Þetta samsvarar þeirri sláttuhæð sem óskað er eftir.

## Sláttuhæð við borðstillingu

Sláttuhæð við borðstillingu er sú hæð þar sem efri brún botnblaðsins er stillt yfir sléttu yfirborði sem snertir neðri hluta bæði fremri og aftari rúllu.

## Raunveruleg sláttuhæð


Þetta er raunveruleg hæð sem grasið er slegið í. Fyrir tiltekna borðstillta sláttuhæð getur raunveruleg sláttuhæð verið breytileg eftir grasgerð, árstíma, grasflöt og jarðvegsaðstæðum. Uppsetning sláttubúnaðar (skurðárás, rúllur, botnblöð, uppsettur aukabúnaður, stillingar yfirborðsjöfnunar o.s.frv.) hefur einnig áhrif á raunverulega sláttuhæð. Athugið reglulega raunverulega sláttuhæð með Turf Evaluator (gerð 04399) til að ákvarða rétta borðstillta sláttuhæð.

## Skurðárás

Skurðárás hefur veruleg áhrif á afköst sláttubúnaðar. Hún vísar til horns botnblaðsins miðað við jörð ([Mynd 19](#)).

Besta uppsetning sláttubúnaðar fer eftir aðstæðum á grasflöt og æskilegum árangri. Reynslan af notkun sláttubúnaðar á viðkomandi svæði ræður hvaða stilling hentar best. Hægt er að stilla skurðárás yfir sláttutímabilið til að laga sig að breytilegum aðstæðum.

Almennt eru minni til venjulegrar skurðárás hentugri fyrir hlýloftsgrös (t.d. bermúdagrás, paspalum, zoysia), en meiri skurðárás getur verið nauðsynleg fyrir kaldloftsgrös (t.d. língresi, sveifgrás, melgresi). Meiri skurðárás sker meira grás þar sem snúningskeflið dregur meira grás upp að botnblaðinu.



Mynd 19

g550954


1. Festikragi hliðarplötu
2. Aftari stöðuhólkar
3. Skurðárás

## Aftari stöðuhólkar

Fjöldi aftari stöðuhólka ákvarðar skurðárás sláttubúnaðar. Fyrir tiltekna sláttuhæð eykur það skurðárás að bæta við stöðuhólkum undir festiflans hliðarplötu. Allir sláttubúnaðar á sömu vinnuvél verða að vera stilltir á sömu skurðárás (fjöldi aftari stöðuhólka, Toro hlutanr. 119-0626), annars getur útlit grasflatar eftir slátt versnað ([Mynd 18](#)).

## Keðjutenglar

Staðsetningin þar sem keðja lyftiarmar er fest ákvarðar hallahorn aftari rúllu ([Mynd 20](#)).



Mynd 20

g027264

1. Neðsta gat
2. U-festing
3. Lyftikeðja


## Greiðubúnaður

Þetta eru ráðlagðar stillingar sláttuhæðar þegar greiðubúnaður er settur upp á sláttubúnaðinum.

# Viðhald

## Stuðningur við sláttubúnaðinn

Þegar þarf að halla sláttubúnaðinum til að sjá botnblað/kefli skal styðja aftari hluta sláttubúnaðar með stuðningsfæti (fylgir drifvélinni) til að tryggja að rærnar á aftari enda stilliskrúfa botnstangar liggi ekki á vinnuþyrborðinu ([Mynd 21](#)).



Mynd 21

g027165

g027165

1. Stuðningsfótur


## Smurning sláttubúnaðar

Smyrjið reglulega 5 smurnippila á hverjum sláttubúnaði ([Mynd 22](#)) með litúmfeiti nr. 2.

Það eru 2 smurstaðir á fremri rúllu, 2 smurstaðir á aftari rúllu og 1 smurstaður á rauf keflismótors.

**Ath.: Smurning strax eftir þvott hjálpar til við að ýta vatni úr legum og lengir endingartíma þeirra.**

1. Þurrkið hvern smurnippil með hreinni tusku.
2. Dælið feiti þar til hrein feiti kemur út við þétti rúllu og öryggisventil legu.
3. Þurrkið umframfeiti.



Mynd 22

Smurnippilar á hlið keflismótors

g191601


1. Öryggisventill

## Forskriftir botnblaðs

### Viðhald botnblaðs

#### Botnstöngin tekin af/Samsetning botnblaðs


1. Snúið stilliskrúfum botnstangar rangsælis til að færa botnblaðið frá keflinu ([Mynd 23](#)).



Mynd 23

- |                             |              |
|-----------------------------|--------------|
| 1. Stilliskrúfa botnstangar | 3. Botnstöng |
| 2. Gormspennt ró            | 4. Skinna    |


2. Losaðu gormspenntu rónna þar til skinnan er ekki lengur undir þrýstingi að botnstönginni (Mynd 23).
3. Losið lásrænar sem festa botnstangarboltana (Mynd 24) á báðum hliðum sláttuvélarinnar.



Mynd 24

- |                     |          |
|---------------------|----------|
| 1. Botnstangarbolti | 2. Lásró |
|---------------------|----------|

4. Fjarlægjið hvern botnstangarbolta þannig að hægt sé að draga botnstöngina niður og fjarlægja hana úr sláttubúnaðinum (Mynd 24).  
Athugið að á hvorum enda botnstangar eru 2 plastskinnur og 1 stálskinna (Mynd 25).



Mynd 25

- |                      |                |
|----------------------|----------------|
| 1. Botnstangarbolti  | 3. Stálskinna  |
| 2. Lásró botnstangar | 4. Plastskinna |

5. Fjarlægjið botnblaðið af botnstönginni með því að fjarlægja allar skrúfur sem halda því á sínum stað. Notið topplykil með skrúflykli botnblaðs (hlutanr. TOR510880).

**Ath.:** Hægt er að nota vélræna- eða loftknúinn högglykil til að losa hnífskrúfurnar.


**Ath.:** Fargið botnblaðinu og skrúfunum.

### Nýtt botnblað sett á

1. Veljið nýtt botnblað samkvæmt [Töflur til að velja sláttuhæð og botnblað \(síða 12\)](#).
2. Hreinsið ryð, hrúður og tæringu af botnstönginni og berið þunnt olíulag á hana.  
**Mikilvægt:** Ekki skal fjarlægja húðunarefni af botnblaðinu. Botnblaðið er með skiljugrind í miðjunni, ekki skal slípa það.
3. Hreinsið skrúfganga botnblaðsins.
4. Berið samsetningarfeiti á skrúfur nýja botnblaðsins og festið það á botnstöngina.

**Mikilvægt:** Notið aðeins nýjar hnífskrúfur.

**Ath.:** Magn skrúfa er breytileg eftir botnstöng.



g557599


**Mynd 26**

Rúmstöng með 13 skrúfum sýnd

- |              |           |
|--------------|-----------|
| 1. Botnstöng | 3. Skrúfa |
| 2. Botnblað  |           |

- Herðið ytri skrúfurnar tvær í 1 N m.
- Herðið skrúfurnar, út frá miðju botnblaðsins, í 29,8 +/- 1 N·m.

**Mikilvægt:** Ekki herða skrúfur botnblaðsins með vélrænum eða loftknúnum högglykli.



g255046

**Mynd 27**

- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| 1. Skruflykill botnblaðs (hlutanr. TOR510880)          | 3. Herðið í 29,8 +/- 1 N·m. |
| 2. Setjið þessar í fyrst og herðið í 1 N m (10 in-lb). |                             |

- Slípun nýja botnblaðsins; sjá [Tafla fyrir viðhald botnblaðs \(síða 18\)](#).


## Tafla fyrir viðhald botnblaðs

Viðhaldsmörk botnblaðs eru sýnd í töflunni hér að neðan.

**Mikilvægt:** Notkun sláttubúnaðar með botnblað undir viðhaldsmörkum getur valdið slæmu útliti eftir slátt og dregið úr burðarstyrk botnblaðsins gagnvart höggum.


Tafla fyrir viðhald botnblaðs				
Botnblað	Hlutanr.	Hæð botnblaðskants	Viðhaldsmörk*	Slípihorn efri/fremri horn
Mót (valkvætt)	147-1257	4,3 mm	3,4 mm	5/5°
Lág sláttuhæð (gerð 03624)	147-1244	5,6 mm	4,8 mm	10/5°
EdgeMax® Lág sláttuhæð (gerð 03623)	137-6093	5,6 mm	4,8 mm	10/5°
Framlengd lág sláttuhæð (valkvætt)	147-1243	5,6 mm	4,8 mm	10/10°
Framlengd EdgeMax® lág sláttuhæð (valkvætt)	119-4280	5,6 mm	4,8 mm	10/10°
EdgeMax® (gerð 03621)	137-6094	6,9 mm	4,8 mm	10/5°
Venjuleg (valkvætt)	147-1245	6,9 mm	4,8 mm	10/5°
Pungavinna (valkvætt)	147-1246	9,3 mm	4,8 mm	10/5°

### Ráðlögð slípihorn efra og fremra botnblaðs (Mynd 28)



Mynd 28

1. Viðhaldsmörk botnblaðs\*
2. Efra slípihorn
3. Fremra slípihorn



Mynd 29


**Ath.:** Allar mælingar á viðhaldsmörkum botnblaðs miðast við neðri hluta botnblaðsins (Mynd 29)

## Slípað topphorn kannað

Hornið sem botnblöðin eru slípuð í skipta miklu máli.

Notið hornmæli (Toro-hlutarnr. 131-6828) og hornmælisfestingu (Toro-hlutarnr. 131-6829) til að kanna hornið sem slípirokkurinn myndar og leiðréttu mögulega skekkju.

1. Setjið hornmælinn undir botnblaðið eins og sýnt er á Mynd 30.




**Mynd 30**

1. Botnblað (lóðrétt)
2. Hornmælir

2. Ýtið á Alt Zero-hnappinn á hornmælinum.
3. Setjið hornmælisfestinguna á brún botnblaðsins þannig að brún segulsins liggi að brún botnblaðsins ([Mynd 31](#)).

**Ath.:** Stafræni skjárinn ætti að sjást frá sömu hlið í þessu skrefi og í skrefi 1.



**Mynd 31**

1. Hornmælisfesting
2. Brún segulsins liggur að brún botnblaðsins
3. Botnblað
4. Hornmælir


4. Setjið hornmælinn á festinguna eins og sýnt er á [Mynd 31](#).

**Ath.:** Þetta er hornið sem slípvélin gefur og það á að vera innan 2° frá ráðlögðu efra slípihorni.

## Uppsetning botnstangar/botnblaðssamstæðu

1. Setjið botnstöng/botnblaðs samstæðuna upp þannig að festeyrun liggi milli skinnunnar og stilliskrúfu botnstangar.

**Mikilvægt:** Miðjustillið DPA-stillibúnað botnstangareyra eins og sýnt er á [Mynd 32](#). Ef DPA-stillibúnaður hefur verið uppsettur upp við botnstangareyrnun þá getur þetta haft neikvæð áhrif á snertingu botnblaðs við kefli.



**Mynd 32**


1. Botnstangareyru
2. DPA-stillibúnaður

2. Festið botnstöngina á hliðarplötunni með botnstangarboltunum (rær á boltum) og 3 skinum (6 alls).
3. Setjið plastskinnu báðum megin á kraga hliðarplötunnar. Setjið stálskinnur utan á plastskinnurnar ([Mynd 25](#)).
4. Herðið botnstangarboltana í 37 til 45 N·m.
5. Herðið lásrær botnstangar hægt þar til ytri stálskinnur snúast rétt með höndunum.

**Mikilvægt:** Ekki ofherða lásrærnar. Það getur beyglað hliðarplötunni.

**Ath.:** Plastskinna milli botnstangar og renniplötu mun hafa lítið bil.

6. Herðið gormspenntu rónna þar til gormurinn er alveg þjappaður saman, losið síðan um 1/2 snúning ([Mynd 33](#)).



**Mynd 33**

1. Gormspennt ró
2. Gormur


# Tæknilysing keflis

## Bakslípun keflis

Nýtt kefli hefur snertiflöt upp á 1,3 til 1,5 mm og 30° bakslípunarhorn.

Þegar snertiflötur verður breiðari en 3 mm þarf að gera eftirfarandi:

1. Slípið 30° bakslípun á öll keflisblöð þar til snertiflöturinn er 1,3 mm (Mynd 34 og Mynd 35).




Mynd 34  
Geislakefli

G028800  
g028800

1. 30°

2. 1,3 mm



Mynd 35  
Framhallandi kefli

G028838  
g028838

1. 1,3 mm

2. 30°


2. Slípið keflið til að ná <math><0,025\text{ mm}</math> kasti.

**Ath.:** Þetta veldur því að breidd brúnarinnar eykst lítillega.

**Ath.:** Til að lengja endingartíma skurðbrúnar keflis og botnblaðs—eftir slípun keflis og/eða botnblaðs—skal athuga snertingu keflis og botnblaðs aftur eftir að hafa slegið 2 brautir, þar sem gráð hverfa og geta annars valdið röngu bili milli keflis og botnblaðs og hraðað sliti.

3. Mælið ytra þvermál keflis með þvermálsmæli-bandi á báðum endum (Mynd 36). Munurinn á ytra þvermáli milli enda á að vera minni en 0,250 mm. Ef munurinn er meiri skal slípa til að leiðrétta hann.

**Ath.:** Þvermálsmæliband fæst hjá viðurkenndum Toro söluaðila.



Mynd 36

g342519


1. Mælið ytra þvermál keflis milli tveggja ystu innri stoða á báðum endum og berið saman.

# Viðhald HD Dual Point stillibúnaðar (DPA)

1. Fjarlægjið alla íhluti (sjá *uppsetningarleiðbeiningar* fyrir HD DPA settið og [Mynd 37](#)).
2. Berið gripvörn á innra byrði fóðringarsvæðis í miðgrind sláttubúnaðar ([Mynd 37](#)).
3. Samræmið lykla á flansfóðringum við raufar í grindinni og setjið fóðringarnar upp ([Mynd 37](#)).

4. Setjið bylgjuskinnu á stilliásinn og rennið stilliásnum inn í flanslegurnar í grind sláttubúnaðar ([Mynd 37](#)).
5. Festið stilliásinn með flatrí skinnu og lásró ([Mynd 37](#)).
6. Herðið lásróna með togkrafti 20 til 27 N·m.

**Ath.:** Stilliás botnstangar er með vinstri gengju.



Mynd 37

- |                 |                          |                             |                   |
|-----------------|--------------------------|-----------------------------|-------------------|
| 1. Stilliás     | 4. Berið gripvörn á hér. | 7. Berið gripvörn á hér.    | 10. Þrýstifjöður  |
| 2. Bylgjuskinna | 5. Flöt skinna           | 8. Stilliskrúfa botnstangar | 11. Gormspennt ró |
| 3. Flansfóðring | 6. Lásró                 | 9. Hert skinna              |                   |

7. Berið gripvörn á gengjur stilliskrúfu botnstangar sem fara inn í stilliásinn.
8. Skrúfið stilliskrúfu botnstangar inn í stilliásinn.
9. Setjið lauslega hertu skinnuna, gorminn og gormspenntu róna á stilliskrúfunu.
10. Setjið botnstöngina upp þannig að festieyrn liggja milli skinnunnar og stilliskrúfu botnstangar.
11. Festið botnstöngina við hvora hliðarplötu með botnstangarboltum (rær á boltum) og 6 skinnum.

**Ath.:** Setjið plastskinnu hvorum megin við upphækkun hliðarplötunnar.

12. Setjið stálskinnur utan á plastskinnurnar ([Mynd 37](#)).
13. Herðið botnstangarboltana í 37 til 45 N·m.


14. Herðið lásrænar þar til ytri stálskinnan hættir að snúast og endaspil er fjarlæggt, en ekki herða of mikið eða afmynda hliðarplöturnar.

**Ath.:** Skinnur að innan geta haft lítið bil ([Mynd 37](#)).

15. Herðið rónna á hverri stillingu botnstangar þar til þrýstifjöðrin er alveg þjöppuð, losið síðan um ½ snúning ([Mynd 37](#)).
16. Endurtakið þessa aðferð á hinum enda sláttubúnaðar.
17. Stillið botnblaðið af við keflið; sjá [Botnblaðið stillt af við keflið \(síða 8\)](#).

# Viðhald rúllu

Hægt er að nota endurbyggingarsett fyrir rúllu (hlutanr. 114-5430) og verkfærasett fyrir endurbyggingu rúllu (hlutanr. 115-0803) (Mynd 38) við viðhald rúllunnar. Endurbyggingarsett fyrir rúllu inniheldur allar legur, legurær, innri þétti og ytri þétti fyrir endurbyggingu rúllu. Endurbyggingarsettið fyrir rúllu inniheldur öll verkfæri og uppsetningarleiðbeiningar sem þarf til að endurbyggja rúllu með endurbyggingarsettinu. Frekari aðstoð er að finna í varahlutaskránni eða hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.



**Mynd 38**

- |   |                                     |
|---|-------------------------------------|
| 1. Endurbyggingarsett fyrir rúllu (hlutanr. 114-5430) | 6. Leguró                           |
| 2. Endurbyggingarsett fyrir rúllu (hlutanr. 115-0803) | 7. Verkfæri fyrir innra þétti       |
| 3. Innra þétti  | 8. Skinna                           |
| 4. Lega   | 9. Verkfæri fyrir legu / ytra þétti |
| 5. Ytra þétti   |                                     |

**Athugasemdir:**

**Athugasemdir:**

# Yfirlýsing um ísetningu

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar tilskipanir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tiltekna tegundir Toro, eins og tiltekið er í viðeigandi samræmisyfirlýsingu.

Tegundarnúmer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
03621	405700000 og upp úr	8 blaða EdgeSeries geislakefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 8-BLD ES (RR) DPA CU (5010-H)	Sláttubúnaður	2006/42/EB
03623	405700000 og upp úr	11 blaða EdgeSeries framhallandi kefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 11 BLD ES (FSR) DPA CU (5010-H)	Sláttubúnaður	2006/42/EB
03624	400000000 og upp úr	11 blaða EdgeSeries geislakefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 11 BLD (RR) DPA CU (5010)	Sláttubúnaður	2006/42/EB

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt kröfum í hluta B af viðauka VII við 2006/42/EB.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisyfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi tilskipanir.

Vottað:



Tom Langworthy  
Yfirverkfræðingur  
8111 Lyndale Ave. South  
Bloomington, MN 55420, USA  
Nóvember 3, 2022

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux  
Manager European Product Integrity  
Toro Europe NV  
Nijverheidsstraat 5  
2260 Oevel  
Belgium

# UK Declaration of Incorporation

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar reglugerðir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tilteknar tegundir Toro, eins og tiltekið er í viðeigandi samræmisýfirlýsingu.

Tegundarnúmer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
03621	405700000 og upp úr	8 blaða EdgeSeries geislakefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 8-BLD ES (RR) DPA CU (5010-H)	Sláttubúnaður	S.I. 2008 nr. 1597
03623	405700000 og upp úr	11 blaða EdgeSeries framhallandi kefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 11 BLD ES (FSR) DPA CU (5010-H)	Sláttubúnaður	S.I. 2008 nr. 1597
03624	400000000 og upp úr	11 blaða EdgeSeries geislakefli DPA sláttubúnaður með 5" kefli, Reelmaster 5010 línu drifvél	22IN 5IN 11 BLD (RR) DPA CU (5010)	Sláttubúnaður	S.I. 2008 nr. 1597

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt áætlun 10 í S.I. 2008 nr. 1597.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisýfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi reglugerðir.

This declaration has been issued under the sole responsibility of the manufacturer.  
The object of the declaration is in conformity with relevant UK legislation.



Tom Langworthy  
Yfirverkfræðingur  
8111 Lyndale Ave. South  
Bloomington, MN 55420, USA  
Nóvember 3, 2022

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux  
Manager European Product Integrity  
Toro U.K. Limited  
Spellbrook Lane West  
Bishop's Stortford  
CM23 4BU  
United Kingdom



## Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára eða 1500 vinnustunda ábyrgð

### Skilmálar og ábyrgðar vörur

Toro Company ábyrgist gagnvart þér að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir\*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð gerum við við vöruna þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. \* Varan er búin vinnustundamæli.

### Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department  
8111 Lyndale Avenue South  
Bloomington, MN 55420-1196  
952-888-8801 eða 800-952-2740  
Netfang: commercial.warranty@toro.com

### Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notandahandbókinni*. Viðgerðir á vörunni vegna vandamála sem rekja má til þess að nauðsynlegt viðhald eða stillingar voru ekki framkvæmdar falla ekki undir ábyrgðina.

### Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Ógallaðra varahluta. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, keflir, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbarðar, síur, reimar og tiltekni úðaraflutir á borð við himnur, stúta, straummæla og einstefnuloka.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreininda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða íðefna.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, dísilólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.
- Eðlilegs hávaða, titrings, slits og tæringar. Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum.

### Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro.

### Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

### Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarfjölda kílóvattstunda sem þær geta afkasta út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlaðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Athugið: (Eingöngu Li-ion rafhlaða): Frekari upplýsingar er að finna í ábyrgð rafhlöðunnar.

### Ábyrgð á sveifarás út endingartíma (eingöngu ProStripe 02657-gerð)

ProStripe, sem er með núningsdisk frá Toro og hemlatengsli fyrir hnif til að tryggja öryggi við gangsetningu (sambyggð hemlatengsli fyrir hnif + núningsdiskur) sem upprunalegan búnað, notað af upprunalegum kaupanda í samræmi við ráðlagða notkun og viðhald, er í ábyrgð gagnvart bognum sveifarás út endingartímann. Vinnuvélar sem eru með núningsskinnum, hnífahemlatengslaeiningum og öðrum slíkum búnaði falla ekki undir ábyrgð á sveifarási út endingartímann.

### Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivökvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

### Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

**Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.**

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

### Athugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagráði Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgi vörunni eða er að finna í fylgiskjólum vélarframleiðanda.



**Count on it.**